

# Kærunefnd útlendingamála

## Verklagsreglur varðandi greinargerðarfresti – alþjóðleg vernd

21. mars 2019

### 1. Almenn

Frestur til að kæra ákvörðun Útlendingastofnunar til kærunefndar útlendingamála er almennt 15 dagar frá birtingu ákvörðunarinnar. Ef umsækjandi er frá öruggu upprunaríki og Útlendingastofnun hefur afgreitt málið sem forgangsmál er kærufrestur þó fimm dagar.

Lög um útlendinga mæla ekki fyrir um rétt kæranda til að fá tiltekinn frest til að skila greinargerð en þó er ljóst að kæranda er heimilt að leggja fram viðbótargögn sem taka skal tillit til á meðan mál er til meðferðar hjá kærunefnd.

Kærunefnd hefur veitt kærendum fresti til að skila greinargerðum sem og frekari gögnum þegar þörf er á. Við ákvörðun um lengd fresta lítur kærunefnd til markmiða um skilvirkni og rétt kæranda til að koma að sjónarmiðum sínum.

Hafi greinargerð ekki verið skilað innan frests verður mál að jafnaði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

### 2. Frestir til að skila greinargerð

Frestir til að skila greinargerðum eru almennt eins og hér segir:

- |  |                       |
|--|-----------------------|
| • Venjuleg efnismeðferð:   | tvær vikur            |
| • Dyflinnarmál og statusmál:   | sjö virkir dagar      |
| • Mál frá öruggum upprunarkjum sem Útlendingastofnun hefur afgreitt sem forgangsmál: | ein vika              |
| • Beiðni um frestun réttaráhrifa:  | ein vika              |
| • Beiðni um endurupptöku:  | engin frestur veittur |

Heimilt er að veita viðbótarfrest um allt að eina viku í viðbót vegna neðangreindra aðstæðna:

- Veikinda talsmanns eða annarra óhjákvæmilegrar fjarveru hans meðan á greinargerðarfresti stendur og ekki er unnt að fela öðrum talsmanni að skila greinargerð.
- Öflun gagna hefur tafist vegna óviðráðanlegra ástæðna enda eru gögnin líkleg til að hafa áhrif á niðurstöðu og nauðsynleg til ritun greinargerðar.
- Yfirlögfræðingur telur á grundvelli gagna málsins að réttindi kæranda kunni að fara forgörðum ef viðbótarfrestur er ekki veittur.

Í undantekningatilvikum, þegar hagsmunir kæranda óhjákvæmilega krefjast þess, getur yfirlögfræðingur veitt viðbótarfrest umfram það sem að ofan greinir, sbr. þó lið 3 hér að neðan.

Beiðni um viðbótarfrest skal rökstudd skriflega með vísan til ofangreinds. Beiðni um viðbótarfrest sem ekki er rökstudd verður hafnað.

Viðbótarfrestir vegna mála frá öruggum upprunarákjum sem Útlendingastofnun hefur afgreitt sem forgangsmál verða ekki veittir nema með samþykki formanns eða varaformanns.

### **3. Frestir vegna mála sem eru að nálgast tímafresti laga um útlendinga**

Viðbótarfrestir verða ekki veittir þegar um er að ræða:

- Efnismeðferðarmál og meira en 15 mánuðir hafa liðið frá því að kærandi sótti um alþjóðlega vernd.
- Dyflinnar- eða statusmál og meira en 8 mánuðir hafa liðið frá því að kærandi sótti um alþjóðlega vernd.

Í undantekningatilvikum, þegar hagsmunir kæranda óhjákvæmilega krefjast þess, getur formaður eða varaformaður veitt viðbótarfrest vegna ofangreindra mála.

Kærunefnd kann að veita skemmri frest til skila á greinargerð en koma fram hér að ofan ef hættu er á að máli ljúki ekki fyrir þá fresti sem lög um útlendinga setja, sbr. m.a. 4. mgr. 23. gr., 2. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 74. gr. laganna. Við ákvörðun um lengd slíkra fresta mun kærunefnd líta til brýnna hagsmuna kæranda.